

Kæri nemandi í MH – sent 18.ágúst 2022

Á þessari önn ganga í gildi þær skólasóknarreglur sem voru við lýði fyrir Covid. Aðstandendur tilkynna veikindi í Innu fyrir þá sem eru undir 18 ára, en 18 og eldri tilkynna veikindi sjálfir í Innu. Veikindi þarf að tilkynna að morgni veikindadags. Ekki er hægt að tilkynna veikindi aftur í tímann. Ef veikindi vara lengur en í viku samfleytt, þarf nemandi að staðfesta veikindin með læknisvottorði. Ef veikindadagar verða 15 eða fleiri verður nemandi að koma í viðtal hjá námsráðgjafa til að taka ákvörðun um framhaldið.

Þegar veikindi eru tilkynnt í Innu tekur nemandi á sig fjarvistir fyrir fyrsta dag veikinda og fær bókstafinn (E) í kladdann á móti fjarvistinni (F). Ef veikindi vara lengur en einn dag þá kemur bókstafurinn (V) á móti hverri fjarvist og þar með dragast fjarvistarstig frá. Kennari setur alltaf (F) í kladdann ef nemandi er ekki mættur í tíma.

E =fyrsti dagur veikinda

- Veikindi samþykkt í Innu en fjarvistarstig (F) haldast óbreytt og ekki dregin frá fjarvistaskráningu sem liggur til grundvallar í mætingareinkunn.

V =dagur tvö eða meira í veikindum

- Veikindi samþykkt í Innu og veikindi (V) koma á móti fjarvist (F) og dragast þar með frá fjarvistaskráningu sem liggur til grundvallar í mætingareinkunn.

Athugið að raunmæting í viðverubókhalda breytist aldrei hvort sem um leyfi eða veikindi er að ræða.

Hægt er að skoða frekar skólasóknarreglurnar í heild á heimasíðu MH:
<https://www.mh.is/is/namid/skolareglur/skolasoknarreglur>

Við viljum líka taka fram að skólasóknarreglur eru í endurskoðun á þessari önn.

Kv. Pálmi áfangastjóri